

AÐALFUNDUR FORELDRAFÉLAGSINS 3. OKTÓBER 2013 KL 20.

Fundurinn samþykkir að Þorkell Diego yfirkennari verði fundarstjóri og Hlaðgerður Íris Björnsdóttir verði fundarritari.

1. Skýrsla stjórnar kynnt – Elín Thorarensen fer yfir skýrsluna og gerir stuttlega grein fyrir störfum félagsins, m.a. fundum á árinu, ballgæslu, facebooksíðu og forvarnamálum.
2. Endurskoðaðir ársreikningar – þessi liður er felldur niður þar sem félagið sýslar ekki með peninga.
3. Umfjöllun um skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir og ársskýrsla samþykkt.
4. Tillögur að lagabreytingum:
 - a) Nafn félagsins verði FORELDRARÁÐ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS. Samþykkt.
 - b) Taka út að fundarboðun sé send í bréfi, fundarboðun verði á heimasíðu skólans og í tölvupósti. Samþykkt.
 - c) Starfsáætlun lögð fram til kynningar og afgreiðslu. Samþykkt að fella þetta atriði úr lögum.
 - d) Formaður verði kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Kjörnir fulltrúar skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi. Samþykkt.
 - e) Valfrjáls félagsgjöld verði tekin upp. Samþykkt.
 - f) Lög frá árinu 2002, ákvæði til bráðabirgða fellt úr. Samþykkt.
5. Kosning stjórnar.

Unnur Ingólfssdóttir var kosin til tveggja ára í fyrra og situr því áfram. Þrír aðilar gefa kost á sér áfram: Elín Thorarensen, Lena Lenharðsdóttir og Hlaðgerður Íris Björnsdóttir.
Fimm nýjir aðilar gef kost á sér: Auður Einarsdóttir, Björk Ragnarsdóttir, Dána Arnfjörð, Sigurður Örn Eiríksson og Þórdís Guðmundsdóttir.

Allir frambjóðendur eru kjörnir einróma.

Guðný Rósa og Eyrún Baldvinsdóttir gefa kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og eru samþykktar af fundinum.

Ábending varðandi valfrjálsu foreldrafélagsgjöldin: að einn reikningur sé sendur á heimili.

Foreldrafélagsgjöldin verði 1500 kr.
Samþykkt.

Foreldrafélaginu hrósað fyrir ballgæsluna af foreldi. Þorkell tekur undir það að aðkoma félagsins skiptir máli.

Þorkell kynnir námsráðgjafa skólans: Sóley Þórarinsdóttir, Berglind Helga Sigurjónsdóttir og Kristín HuldGunnlaugsdóttir

Sóley Þórarinsdóttir námsráðgjafi heldur fyrirlestur um námstækni.

Umræða eftir fyrirlestur Sóleyjar:

-hefur skólinn kannað hversu margir nemendur skila sér úr Versló í háskólana.

- uppbygging prófa – fá nemendur að vita hvernig prófin verða uppbyggð.

HLÉ

Páll Ólafsson félagsráðgjafi heldur fyrirlestur um góð samskipti.

Hlaðgerður Íris
ritari.